

# Kjaransorðan

Apríl 2019

Breytingar hafa orðið á reglum um Kjaransorðu og voru þær kynntar á fjöllumdæmisþinginu á Sögu í vor.

Hámarksfjöldi orðuveitinga frá klúbbum tvöfaldast, fer úr fimm í tíu og jafnframt breytist umsóknarfrestur, verður nú tvisvar á ári, 1.nóvember og 1.mars, fimm orður í hvert sinn.

Þessar breytingar koma fram í greinum 12., 13. og 15 í reglugerð fyrir veitingu Kjaransorðunnar:

12) Hámarksfjöldi Kjaransorðuveitinga ár hvert skal vera þrjár veittar af umdæmisstjóraráði og hið mesta tíu veittar með tilnefningu frá klúbbum, fimm í nóvember og fimm í mars.

13) Berist fleiri en fimm tilnefningar frá klúbbum á hverjum umsóknarfresti, 1.nóvember og 1.mars skal orðunefnd velja þær fimm, sem verðugastar þykja til viðurkenningar á næsta Fjöllumdæmisþingi eða á klúbbsamkomu.

15) Klúbbum ber að skila inn beiðni ásamt greinargerð um væntanlegan orðuþega til orðunefndar eigi síðar en 1.nóvember og 1.mars en þá er umsóknarfrestur ár hvert. Ef ekki koma fimm umsóknir frá klúbbum, sem er hámark í hvert sinn flyst það sem upp á vantar fram til næsta fundar en þó ekki milli ára.

Á sama tíma hækkar það gjald sem greitt er fyrir orðuna í 120.000 kr. eða sem svarar til 1.000 USD.:

11) Við veitingu orðunnar ber annaðhvort Fjöllumdæmi eða viðkomandi klúbbi eftir því sem við á, að greiða 120.000 kr. innborgun í Heiðurssjóð Guðrúnar Bjartar, tengda viðkomandi orðuþega (eða andvirði 1.000 USD sé það hærra á hverjum tíma).

Orðunefnd hverju sinni endurskoði þessa upphæð með tilliti til verðlags og telst breyting á upphæðinni ekki vera breyting á reglum þessum. Einnig var ákveðið að bæta við þremur merkjum í tengslum við Kjaransorðuna, til þess að klúbbar geti viðurkennt sína féлага, gull, silfur og brons og verða þau nánar kynnt seinna á starfsárinu.:

21) Í tengslum við Kjaransorðuna geta klúbbar og umdæmi keypt merki til að viðurkenna sína féлага. Þrjár gerðir merkja eru í boði, gull, silfur og brons og er verð þeirra kr. 20.000 fyrir gull, 15.000 fyrir silfur og 10.000 kr. fyrir brons. Andvirði merkjanna skal renna í Heiðurssjóð Guðrúnar Bjartar.

Lionsskrifstofan skal halda utan um nöfn og klúbbanöfn þeirra sem viðurkenndir eru með þessum merkjum. Klúbbar eru minntir á að leitast skal við að afhenda orðuna á sem virðulegastan hátt og gera athöfnina á þann hátt að orðuþega og Lions sé sem mestur sómi að.

Fyrir hönd Kjaransorðunefndar, IPCC Björg Bára Halldórsdóttir, formaður Kjaransorðunefndar